

Með því að áliðið var orðið, þegar fyrirlesturinn var úti, urðu engar umræður um hann, en strax gengið til miðagsverðar, og um kl. 2 e. h. í fundarsal aftur til messu, er Rögnv. Pétursson flutti þar þá. Að aflokinni messugjörðinni var þingstörfum haldið áfram til kvelds. Á þessum öðrum fundi þingsins voru yfirlarin kjörbréf þingmanna, nefndir settar, til að ihuga útbreiðslumál félagsins, útgáfumál o. s. frv. Í útbreiðslunefndina voru skipaðir þeir síra Magn. J. Skaftason, Skafsti B. Brynjólfsson og Jóhannes Sigurðsson.— Þá skilaði af sér blaðanefnd sú, er sett var á síðastliðnu þingi, og gjörði grein fyrir starfi sínu.

Þá um kveldið kl. rúmlega 8 var haldinn trúmálaufundur og var forseti fundarins kosinn Björn Halldórsson. Umræðuefnid: „Hver er að verða árangurinn af vestur-íslenzkri trúarbragða-starfsemi?“ var lesið upp, og skýrði forseti frá, að öllum væri þar heimilt að taka til máls, hverra skoðana sem væri. Síra J. P. Sólmundsson innleiddi umræðurnar með gagnorðri ræðu. — Margir tóku þátt í umræðunum ettir á, og var komið nær miðnætti, þá fundi var slitið.

Mánudags morguninn voru fundarstörf hafin á ný. Frumvarp útbreiðslu nefndarinnar lá þá fyrir, og var það samþykkt. Ein tillaga þess var svo hljóðandi: „Að félagið hvetti og gjörði það sem í þess valdi stæði til, að koma þeim mönnum til guðfræðisnáms við Meadville prestaskólann, er gefa vildi kost á sér og það álitil líklega að verða féluginu til gagns og sóma.“ Fjármál félagsins voru þar næst rædd og samskota leitað á þinginu, og höfðust þar saman rúmir \$30. Einnig var sunnudagsskólamálið rætt og sett í það fastanefnd fyrir næstkv. ár. — Fleiri mál voru þar til umræðu, en hér verður sakir rúmleysis að sleppa að geta þeirra. Þessir voru kosnir embættismenn: Forseti síra M. J. Skaftason, varaf. Hon. S. B. Brynjólfsson, útbreiðslustjóri Einar Ólafsson, féhirðir Fred. Swanson, skrifari Þorb. Þorvaldsson, varaskr. Aðalst. Kristjánsson. Meðráðendur: Sig. Sigurbj. son, Alb. E. Kristjánsson, Magn. Péturson. Samþ. að næsta þing skyldi haldið í Winnipeg. Var svo þingi slitið.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sínum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave. Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Ritstjóri síra Rögnvoldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.